

NORÐURLJÓŠ

Fréttabréf Norðuráls

10. tbl. 24. október 2011. Ritstjórar: Rakei Heiðmarsdóttir & Trausti Gylfason. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Ásmundur Jónsson, Birna Björnsdóttir, Bjarni I. Björnsson, Brian D. Marshall og Sverrir Guðmundsson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Þórhallur Ásm. o.fl.



Starfsmenn D-vaktar steypuskála slógu í gegn í hæfileikakeppninni, Norðurál got talent, sem fram fór á árhátíð fyrirtækisins í Göllhömrum í Grafarholti í Reykjavík laugardagskvöldið 15. október. Árhátíðin heppnaðist mjög vel, var fjölmenn og dansað við undirleik Ingó og veðurguðanna fram eftir nóttu. Myndir Ásu Birnu Viðarsdóttur frá árhátíðinni prýða opnu blaðsins.

Heilsuárið

- Ljósmyndasamkeppni í nóvember (skil á mynd eigi síðar en 11.11.2011)
- Hádegisfyrirlestur: Gleði á vinnustaðnum (nóvember/desember – dagsetningar auglýstar síðar)



Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk!

Framleiðslan gekk mjög vel í september. Áreiðanleiki búnaðar skautsmiðjunnar batnar stöðugt og framleiðsla kerskálans var vel yfir settu takmarki. Þá hefur náðst mjög góður árangur í takmörkun á losun flúors til lofts um rjáfur kerskálans. Tjón í kerskálunum skyggja þó á þennan góða árangur en þeim fjölgaði töluvert í september og voru sum hver alvarleg og kostnaðarsöm. Tjón valda ekki einungis beinum kostnaði vegna viðgerða heldur valda þau jafnframt truflun á daglegum rekstri framleiðslunnar, auk þess sem þau trufla reglubundna vinnu viðhaldsdeilda.

Langflest þessara tjóna í september má rekja til aðgæsluleysis og vil ég hvetja ykkur öll til að sýna ýrtruðu aðgæslu við vinnu til að fyrirbyggja bæði slys og tjón. Þrátt fyrir mjög góðan árangur í öryggismálum á árinu urðu því miður tvö skráningarskyld óhöpp í september. Það er ætíð markmið okkar að allir starfsmenn snúi heim heilir heilsu að loknum vinnudegi. Í september var hrundið af stað verkefninu sem við höfum kosið að kalla „öruggt atferli“ en það var rækilega kynnt í síðasta fréttabréfi og er áfram til umfjöllunar í þessu blaði. Mikils er vænt af verkefninu. Framundan er mikil

vinna í tengslum við verkefnið sem fjölmargir starfsmenn taka þátt í. Það er von mín og trú að þið takið höndum saman í innleiðingu þessa mikilvæga verkefnis.

Nú er nýlokið glæsilegri og skemmtilegri árhátíð sem tókst vel til í alla staði. Ég vil þakka árhátíðarnefnd og öllum þeim sem tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd hennar fyrir gott starf. Myndir af árhátíðinni má finna í opnu blaðsins.

**Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóri
Norðuráls Grundartanga.**

Öruggt atferli

Eins og fram kom í síðasta blaði Norðurljósa erum við að hefja nýtt ferli í öryggismálum sem mun hjálpa okkur öllum við að tileinka okkur öruggar vinnuvenjur. Ferlið felur í sér að við athugum hversu oft ákveðnir hópar starfsmanna framkvæma tiltekin störf á sérlega öruggan hátt. Sérhver hópur mun fá endurgjöf um hversu vel þeim gengur (sem hópur) og hópurinn mun setja sér markmið um hvernig þeir geta bætt sig enn frekar. Þetta ferli leggur áherslu á jákvæða athygli til að hjálpa okkur að auka öryggi. Hér á eftir er stiklað á stóru um ferlið.

- Kjarnateymin, sem samanstanda af starfsmönnum, stýra ferlinu en framkvæmdastjórar og aðrir yfirmenn eru í hlutverki aðstoðarmanna.
- Kjarnateymið velur viðfangsefnið sem oftast en ekki eru hegðunarbundin.
- Atferlið þarf að vera mjög vel skilgreint svo allir skilji fullkomlega hvert hið örugga atferli er.
- Mæla þarf sérhvert atferli sem á að taka fyrir þannig að fyrir liggi hversu öruggt eða óöruggt atferli hópurinn sýndi áður en hafist var handa við að breyta atferlinu
- Allir þurfa að leggjast á sveif með að sýna atferlið sem oftast þar til hún er orðin að vana.
- Setja þarf upp undirmerkið fyrir hvert atferli.



- Við fögnum þegar hverju undirmerkið er náð og þegar lokamerkið er náð.
- Lokamerkið er sterkur ávani. Sterkur ávani er skilgreindur sem 100% árangur á stöðukortunum í a.m.k. þrjár til fjórar vikur.
- Meðlimir kjarnateymisins gera athuganir á hverjum degi, en það tekur aðeins nokkrar mínútur á dag. Upplýsingunum er komið í hendur upplýsingasafnara sem er meðlimur kjarnateymisins. Niðurstöðurnar eru færðar inn

á endurgjafarlínuritin daglega (eða vikulega, ef það er valið). Athuganirnar eru háðar nafnleynd og engin nöfn eru skráð.

- Starfsmenn fá endurgjöf (bæði jákvæða og neikvæða) og styrkingu. Athugaðu að þessi endurgjöf er frá jafningjum.
- Byrjum strax að tileinka okkur öruggt atferli og ástundið það.

Trausti Gylfason öryggisstjóri.

LJÓSMYNDASAMKEPPNI NORÐURÁLS 2011



Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni og freistaðu þess að vinna gjafabréf fyrir tvo út að borða, miða í leikhús eða í bíó



MYNDEFNI:

Myndefni er valfrjálst en myndin verður að vera tekin af starfsmanni Norðuráls á árinu 2011. Hver myndhöfundur má senda inn tvær myndir.

SKIL Á MYND:

A JPEG - formi á netfangið ljosa@nordurljosa.is, eigi síðar en 11.11.2011

VERÐLAUN:

Veitt verða verðlaun fyrir 3 bestu myndirnar sem valdar verða af óháðri dómnefnd, en hana skipa Friðþjófur Helgason, Hrannar Órn Hauksson, G. Bjarki Halldórsson og Gunnar Viðarsson.

- 1. Verðlaun : Gjafabréf – út að borða fyrir tvo
- 2. Verðlaun : Miðar fyrir tvo í leikhús
- 3. Verðlaun : Miðar fyrir tvo í bíó

Að auki verður veitt viðurkenning fyrir

framlögstu

myndina.



FULLRI NAFNLEYND MYNDHÖFUNDA VERÐUR
HALDIÐ FRAM YFIR VAL DÓMNEFNAR
ÚRSLIT VERÐA TILKYNNT Í
DESEMBER HEFTI NORÐURLJÓSS



AÐ EIGA SÉR ÁHUGAMÁL VETTIR GLEÐI !!
GLEÐIN ER Í SENN BIRTA OG YLUR,
SEM ÞENUR ÚT AÐARNAR
OG ER ÞVÍ EITT BESTA HEILSULYFIÐ !!



Bændaeðlið er í okkur öllum

Einhver dæmi eru um að bændur séu meðal mannafla Norðurlánda, en á Grundartanga sækir m.a. vinnu fólk úr norðri, allt vestur á Mýrar og úr uppsveitum Borgarfjarðar. Meðal starfsmanna Norðurlánda eru örfáir tómsundabændur, af sumum kallaðir rollukarlarnir. Blaðamaður Norðurljósa frétti af því um miðjan septembermánuð að nú stæði mikið til hjá bændunum í Kjalardal, Benedikt Helgason í efnisvinnslunni og Valdimar Magnússon í steypuskálanum. Þeir félagar ættu fyrir höndum eina þrjá daga í smalamennsku og fjárragi. Það byrjaði með því að smala heimalöndin undir norðanverðu Akrafjallinu við Grunnafjörðinn og síðan göngurnar daginn eftir.

Benedikt var mættur í Kjalardal ásamt Söru Katrínu dóttur sinni þegar blaðamaður Norðurljósa mætti á staðinn, en Valdimar var að ná í fjórhjól og annan búnað sem þeir félagar þurftu á að halda við fjárragið þessa daga.

Þeir Benedikt og Valdimar hafa verið með kindur í Kjalardal í þrjá vetur, en í þessu fjárfélagi sem þar er eru einnig tveir aðrir, sem ekki starfa hjá Norðurlánda, Bjarki Borgdal

Magnússon og Magnús Ingimarsson. Bjarki er ábúandi í Kjalardal og Magnús er nú í búfræðinámi á Hvanneyri.

“Við Valdimar erum báðir uppaldir í sveit og ætli bóndinn hafi ekki alltaf blundað í okkur. Er ekki bændaeðli í okkur öllum, bara mismikið? Lengst var ég í sveitinni hjá pabba í Landssveitinni. Ég ætlaði alltaf að verða bóndi en svo þróaðist það þannig að ég fór í iðnnámið, vélvirkjunina. Valdimar er uppallinn í Miðdölum og við vorum að vinna saman í talsverðan tíma í steypuskálanum. Þá vorum við að spá í að fara út í tómsundabúskap og létum svo verða af því að fara í þetta með hinum tveimur félögum okkar þegar aðstaðan hérna í Kjalardal stóð til boða,” segir Benedikt.

Þorrablót í fjárhúsunum

Það voru 24 hausar í fjárhúsunum í Kjalardal síðasta vetur með hrútunum, sem eru þrír. Kóngurinn í þeim hópi er Melur frá Mel á Mýrum, Kveikssonur frá Hitardal sem er vel þekktur kynbótahrútur, að sögn Benedikts. “Krakkarnir okkar eru sérstaklega áhugasamir um búskapinn og finnst skemmtilegt að umgangast

skepunnar. Þeir eru duglegir að gefa kindunum nöfn og myndu helst vilja halda til í fjárhúsunum yfir sauðburðinn. Við fjórmenningarnir skiptumst svo á að fara í húsin, viku og viku að vetrinum og hjálpumst að við sauðburðinn að vorinu og heyskapinn að sumrinu. Við meira að segja réðumst í það saman að kaupa þessa ágætu dráttarvél,” segir Benedikt en falletur og vel hirtur Zetor traktor er á fjárhússhláðinu.

“Svo höldum við alltaf þorrablót hérna í fjárhúsunum að vetrinum, fjáreigendafélagið. Við höfum líka farið saman á sýningar sem tengjast búskapnum, eins og Mýraelda og landbúnaðarsýninguna Glætu í Borgarnesi. Það er líka félagsskapur í kringum þetta,” segir Benedikt og brosir.

Valdimar er nú að renna í hlað með fjórhjólin og búnaðinn til fjárragsins í kerru. Með honum var Daníel Andri sonur hans. Valdimar tók undir það að börnin væru líka mjög áhugasöm við búskapinn og það væri ekki síður hvetjandi til að halda áfram í rollubúskapnum. “Ég held að strákurinn eigi orðið fleiri kindur en ég,” sagði Valdimar og hlær um leið og bændur og búalið í Kjalardal stillir sér upp við Zetorinn til myndatöku.



Hópurinn í kerstýringunum. Frá vinstri talið í aftari röð: Pétur Ottesen, Ragnar Ólason, Heiðar Sveinsson, Andri Ísak Þórhallsson og Bjarni Benedikt Gunnarsson. Fremri röð: Baldur Bjarnason, Birna Björnsdóttir, Svava Hrund Einarsdóttir og Halldór Guðmundsson.

Framleiðslustýring í kerskála

Ofn við kynningu á deildum hér í Norðurljósum hefur verið minnst á mikilvægi hinna og þessara deilda, sem allar mynda sterka keðja í framleiðslu og starfsemi Norðuráls. Sú deild sem nú er kynnt til sögunnar gegnir lykilhlutverki gagnvart framleiðslunni. Þetta er deildin „Framleiðslustýring í kerskála.“ Halldór Guðmundsson er deildarstjóri Framleiðslustýringar. Blaðamaður Norðurljósa fór á fund Halldórs á dögunum til að forvitnast um deildina. Halldór sagði að það væri meginhlutverk þessarar deildar að vera ráðgefandi varðandi framleiðsluna í kerskálanum. Framleiðslustýringin bæri í raun ábyrgð á því að áætlanir stæðust með framleiðsluna. „Það er okkar hlutverk að hámarka framleiðslu í kerskálanum, með tilliti til nýtingar og hagkvæmni,“ segir Halldór. Í Framleiðslustýringunni eru átta starfsmenn

sem hafa vel skilgreind ábyrgðarsvið sem tengjast framleiðslunni og umhverfisþáttum hennar. Halldór segir að auk þeirra verkefna hafi þeir skipt með sér eignarhaldi á kerjunum í kerskálanum sem eru alls 520. Það séu því 50-100 ker á ábyrgð hvers starfsmanns deildarinnar.

„Eignarhald á kerjum tryggir að þau fái hnitmiðaðar stillingar en kerin geta verið misgóð í rekstri. Það geta verið mörg vandamál sem koma upp í sambandi við kerin sem dregur framleiðsluna niður þannig að hún sé ekki samkvæmt áætlun. Þá þarf að finna fljótt út úr því og hjálpa kerjunum að komast upp í fulla framleiðslu. Vaktastarfmenn þjónusta kerin með áltöku, skautskiptum og öðrum föstum verkum. Þeir koma líka auga á vandamál í rekstri og grípa inn í. Starfsmenn framleiðslustýringar rýna í rekstur kerjanna og reyna að fyrirbyggja

eða leysa viðvarandi vandamál. Þegar vel gengur þarf að nýta meðbyrinn og hámarka framleiðsluna með fínstillingum á spennu kersins, hitastigi og efnasamsetningu raflausnar. Þegar illa gengur þarf að finna rót vandans og stundum er einungis hægt að lágmarka skaðann, t.d. þegar vandann er að rekja til hráefna. Stundum getur þetta líka tengst vinnubrögðum eða viðhaldsmálum. Í öllu falli krefst þetta mikillar samvinnu og samhæfingu allra starfsmanna í kerskála.“

Raunhæfar áætlanir

Halldór segir að framleiðslustýringin byggist á góðri samvinnu og samráði margra, ekki bara þessara átta starfsmanna, vaktstjóra, liðsstjóra og rafgreina. „Við erum í góðu samráði við marga, ekki síst birgjana sem senda okkur hráefni. Okkar markmið er alltaf að auka framleiðsluna eins og mögulegt er, að tryggja hámarksárangur í verkferlum, framleiðslu og tæknibúnaði framleiðslunnar. Að bregðast hratt við með úrbætur og stuðla að stöðugum umbótum með verkfærum gæðastýringar.“

Halldór segir að markmiðin byggist á áætlunum sem líka þurfi að vera raunhæfar þótt stefnan sé tekin upp á við í framleiðslunni. „Það eru alltaf einhver þróunarverkefni í gangi hjá okkur sem miða að því að auka hagkvæmni, öryggi og skilvirkni,“ segir Halldór Guðmundsson deildarstjóri Framleiðslustýringar.

Launaliður kjarasamnings

Þann 23. september síðastliðinn skrifuðu stjórnendur hjá Norðuráli og fulltrúar starfsmanna og stéttarfélaganna undir nýjan launalið kjarasamnings sem tekur gildi 1. janúar 2011. Óhætt er að segja að báðir samningsaðilar hafi verið orðnir langeygir eftir niðurstöðu. Kynningar til starfsmanna og kosning fór fram í beinu framhaldi. Niðurstaða lá fyrir 3. október og hún var sú að 68% þeirra sem kusu samþykktu nýjan launalið, 30,5% höfnuðu nýju samkomulagi og auðir seðlar og ógildir voru 1,5%. Kosningabátttaka var um 73%, þ.e. 422 kusu af 580 sem voru á kjörskrá. Á kjörskrá voru allir þeir sem eru með tengingu við kjarasamninginn þann 23. september bæði fastir starfsmenn og afleysingamenn. Fyrir lok október verða greidd út leiðrétt laun skv. samkomulaginu.

Rakel Heiðmarsdóttir, framkvæmdastjóri mannaússviðs.

Saman í veiðimennskunni sumar og vetur

Áreiðanlega eru flestir sammála um að það sé mikill kostur fyrir hvern og einn að eiga gott áhugamál. Ekki er það síðra þegar sambýlisfólk nýtur tómsundanna saman og sinnir áhugamálinu af lífi og sál. Þannig er það með þau Björn Gústaf Hilmarsson rafvirkja og Guðrúnu Hjaltalín á mannauðssviðinu. Þau eru bæði mikið áhugafólk um veiðimennsku hvort sem um stangveiði eða skotveiði er að ræða. Guðrún, sem hefur farið á hreindýraveiðar með bónda sínum þau þrjú sumar sem liðin eru frá því þau kynntust, dreif sig á skotvopnanámskeið síðasta vetur og er því komin með byssuleyfi. "Mér fannst alltaf mikið til veiðimennskunnar koma, fannst hún spennandi, en gerði samt ekkert í því fyrr en ég kynntist Bjössa. Ég nýt þess alveg rosalega vel að vera í veiðimennskunni með honum og tek eiginlega þátt í öllu í sambandi við hana. Ég er meira að segja farin að hnýta flugur eins og hann. Hann notar einungis sínar eigin flugur við veiðarnar."

Fyrst á veiðar sex ára

Bæði eru þau Björn Gústaf og Guðrún Akurnesingar, fæddust og ólust upp á Skaganum. "Ég var ekki nema sex ára þegar ég fór í fyrsta skipti á veiðar," segir Bjössi. Þá var farið á svartflug með pabba. Ég fékk veiðibakteríuna í þessari ferð. Svo fór ég með honum á rjúpu þegar ég var átta ára. Hann var að skjóta í múlanum við Valbjarnarvelli í Borgarhreppi. Ég hafði það hlutverk í þeirri ferð að hlaupa og tína bráðina upp. Fyrsta skiptið sem ég fór á veiðar með byssu var þegar ég var ellefu ára. Þá fór ég á andaveiðar með Jóni á Bekanstöðum. Það var ansi mikil upplifun að skjóta úr byssu í fyrsta skiptið og þessi veiðiferð er mjög eftirminnileg."

Eins og beljur í húsdýragarðinum

Fjögur síðustu sumar hefur Björn Gústaf farið á hreindýraveiðar austur á Hérað ásamt félagá sínum Gunnari Þór Jóhannessyni sjómanni. Hann segir að það hafi verið tilviljun að hann byrjaði á því að fara á hreindýraveiðar. "Það var eiginlega þannig að tengdafaðir vinar míns fór fram á það að við myndum sækja um leyfi til hreindýraveiða. Ég var nú ekkert sérstaklega spenntur fyrir því. Það var vegna þess að ég hafði skömmu áður farið með börnin mín í heimsókn í Húsdýragarðinn. Mér leist eiginlega ekkert á hreindýrin þar. Þau voru að sjá svo



Guðrún og Björn Gústaf á vinnustaðnum.



Að loknum fengsælum degi við gæsaveiðar.



Björn Gústaf með ellefu punda hrygnu úr Krossá í Bitrufirði 19. ágúst 2010.

þyngslaleg alveg eins og beljur og ég hugsaði með mér að ekki skyldi ég nú fara að borga veiðileyfi á þessi dýr. En það fór nú öðruvísi. Og það var tilkomumikið að komast á heiðarnar fyrir austan í stórbrotna náttúruna þar. Þetta eru náttúrulega ekkert tvö eða þrjú dýr sem þú ert að sjá, heldur heilu hjarðirnar upp í þrjú til fjögur hundruð dýr," segir Björn, sem hefur í þessi þrjú skipti af fjórum veitt þetta eina dýr sem veiðileyfið náði til, þar af kú í fyrsta skiptið. Í fjórða skiptið var hann gormaður eins

og félaginn við veiðarnar er kallaður. Guðrún hefur farið á hreindýraveiðarnar núna síðustu sumar. Hún segir hreindýraveiðar svolítið öðruvísi en aðrar veiðar. Það sé þessi kúnst að nálgast dýrið sem geri veiðimennskuna svo spennandi. Björn Gústaf tekur undir það, segir það einmitt einna mest heillandi við hreindýraveiðarnar kúnstin að komast í tæri við dýrið. "Það þarf alltaf að fara áveðurs að dýrinu og við hreindýraveiðarnar eins og aðrar veiðar er það líka þessi grundvallarregla að bráðin má aldrei sjá veiðimanninn."

Dugleg að elda bráðina

En hvað er það sem er svo heillandi við veiðimennskuna? "Það er útiveran og að vera úti í náttúrunni. Maður upplifir útivistina og náttúruna á svo fjölbreytilegan hátt við veiðarnar. Svo er líka þónokkur hluti af þessu að þarna ertu stundum að veiða bráð til matar sem þú færð ekki annars staðar, alla vega villibráð. Ég borða allt sem ég veiði, nema hrafn og tófu. Við erum dugleg að prófa ýmsar útfærslur við matargerðina og grillið er mikið notað yfir sumarið. Veiðimennskan hefur alla tíð verið mitt aðaláhugamál," segir Björn Gústaf. Þess má reyndar geta að þau Björn og Guðrún eiga annað áhugamál saman, það er motocross, sem þau stunda á svæði Vélhjólaklúbbs Akraness í nágrenni bæjarins. Þegar blaðamaður Norðurljósa ræddi við þau stóð einmitt fyrir dyrum uppskeruhátíðin á Langasandi og lokahóf klúbbsins þá um kvöldið.

Árshátíð Norðurláls Gullhömrum í Grafarholti 15. október



Kristján Jónsson og Einar Árnason starfsmenn C-vaktar kerskála ásamt Lindu Kolbrúnu Haraldsdóttur konu Einars.



Steinar Viggó Steinarsson á C-vakt kerskála og eiginkona hans ásamt dóttur þeirra Ernu Guðrúnu sem einnig starfar á C vakt.



Árni Stefánsson framkvæmdastjóri steypuskála og skautsmiðju.



Uchechukwu Michael Eze og Valentine Simire starfsmenn kersmiðju.




Dúí Kristján Andersen í kersmiðju og kona hans Jónína S Finnsdóttir.



Garry Hurst starfsmaður C-vaktar steypuskála ásamt konu sinni Stefaniú Eggertsdóttur.



Björn Árnason og Bjarki Þór Aðalsteinsson starfa í kersmiðju



Eva Lind Helgadóttir ásamt Þórnarni S. Jónssyni liðstjóra C-vaktar.



Daniel Stefán Halldórsson D-vakt kerskála og kona hans Eva Dögg Ingadóttir.



Guðmundur Svanberg Sveinsson starfsmaður kersmiðju og kona hans Hanna Þóra Guðbrandsdóttir.



Umhverfis- og verkfræðideild slær í gegn með alíslenska kjötsúpu.



Komu, sáu og sigruðu, starfsmenn steypuskála D-vakt.



Dómarar í Norðurál got talent, starfsmenn á Öryggisviði: Trausti Gylfason, Pétur Svanbergsson og Niels E Reynisson ásamt Guðmundi Óskari Ragnarssyni formanni vélaverkstæðis.



Leifur Viktor Guðmundsson í kersmiðju ásamt Heiðrúnu unnustu sinni.



Bjarni Benedikt Gunnarsson í kerstjórn og eiginkona hans Vigdís Sigvaldadóttir ásamt Soffiu Sóley Práinsdóttur.



Starfsmenn mótuneytis með frábæran flutning á laginu Tvær úr Tungunum.

Í vor hóf Norðurál þátttöku í verkefni UMFÍ, „Hættu að hanga, komdu að hjóla, synda eða ganga!“. Því verkefni lauk 15. september síðastliðinn. Ágætis þátttaka var meðal starfsmanna Norðuráls og þeir sem voru með tóku þátt af miklum móð. Alls voru 95 manns frá 16 deildum sem tóku þátt í verkefninu. Alls skiluðu þessir 95 einstaklingar 1993 hreyfingardögum og þar af 188 fjallgöngum! Sá aðili sem skilaði flestum hreyfingardögum, eða 94 hreyfingardögum var Bjarni Borgar Jóhannsson starfsmaður A-vaktar í steypuskála og sá aðili sem skilaði flestum fjallgöngum, eða 38 fjallgöngum var Pröstur Vilhjálmsson liðsstjóri á C-vakt í kerskála. Til að auka þátttöku starfsmanna í þessu verkefni var ákveðið að greiða starfsmönnum vissa upphæð fyrir vissan fjölda hreyfidaga



Bjarni Borgar Jóhannsson starfsmaður A-vaktar í steypuskála skilaði flestum skræðum hreyfingardögum.

Lið	Upphæð	Góðgerðarmál
A-vakt kerfóðrun	15.000	LAUF (landssamtök áhugafólks um flogaveiki)
A-vakt kerskála	23.500	óákveðið
A-vakt steypuskála	85.500	Unicef og Félag áhugafólks um Downs
B-vakt kerskála	31.500	MS-félagið
C-vakt kerskála	59.000	Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis
D-vakt kerskála	35.000	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
Fjármálasvið	104.000	Umhyggja – langveik börn Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis Mæðrastyrksnefnd Vesturlands
Kerfóðrun	3.000	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
Kerstjórn Íslands	25.000	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
Mannauðssvið	21.000	Unicef
Mötuneyti/Ræsting	18.000	óákveðið
Norðurál ehf	4.500	Styrktarsjóður SÁÁ
Skautsmiðja	47.500	Barnahúsið og Einstök börn
Umhverfis- og verkfræðisvið	39.000	Ljósíð
Verkvirkjar/Rafveita	11.500	Langveik börn
Öryggisvið	8.000	Reykjadalur, sumarbúðir fyrir fötluð börn



Pröstur Vilhjálmsson liðsstjóri á C-vakt í kerskála skilaði flestum fjallgöngum.

og gat hver starfsmaður safnað allt að 4500 krónum. Þessi greiðsla er ætluð góðgerðarfélagi/félögum sem hver hópur velur fyrir sig. Taflan hér að neðan sýnir hvaða góðgerðarfélag deildir og vaktir Norðuráls styrkja: Til viðbótar því sem hver einstaklingur gat safnað eru greidd sérstök liðsverðlaun að upphæð 50.000 krónum fyrir eftirtalda flokka: Við þökkum ykkur öllum kærlega fyrir þátttökuna og framlag ykkar til góðgerðarmála.

Ester Björk Magnúsdóttir, Mannauðssvið.

Besti árangur liðsins (meðaltal)	C-vakt kerskála
Besta þátttakan í liðinu, þ.e. hlutfall vaktarinnar/deildarinnar sem tekur þátt	Fjármálasvið
Besti einstaklingsárangur	Bjarni Borgar Jóhannsson, A-vakt steypuskáli

Grunnnám í stóriðju

Nýfrágenginn launaliður kjarasamnings felur í sér að Norðurál mun setja á fót stóriðjunám og mun námið hefjast 7. janúar 2012. Að undanförmu hafa verið haldnir 13 kynningarfundir í Búrfelli um grunnnám í stóriðju. Áhuginn á náminu virðist vera mikill þar sem ríflega 150 manns sóttu fundina. Upplýsingar um uppbyggingu námsins og námsskrá má finna á kaffistofum og á innri vef Norðuráls. Umsóknartímabilið er frá 7. október til og með 18. nóvember. Umsóknareyðublöð má finna á kaffistofum og á innri vef. Umsækjendur fá skriflegt svar við umsókn sinni um miðjan desember.

Brian D. Marshall fræðslustjóri.

Skyndihjálparnámskeiðin

Liður í því að auka öryggi starfsmanna Norðuráls er að fyrirtækið býður upp á skyndihjálparnámskeið. Forsvarsmenn Norðuráls og starfsmenn eru sammála um mikilvægi þessara námskeiða. Frá aprílbyrjun í vor hafa verið haldin á þriðja tug námskeiða, sem Rauði krossinn hefur staðið fyrir og starfsmenn Norðuráls sótt. Stefnir er að því að áður en febrúarmánuður 2012 er liðinn hafi allir starfsmenn Norðuráls lokið skyndihjálparnámskeiðum. Framvegis er stefnan sú að starfsmenn sæki endurmenntun í skyndihjálparnámskeiðum á tveggja ára fresti.

Brian D. Marshall fræðslustjóri.



Lausnahóparnir

Fimm lausnahópar hafa nú tekið til starfa í framhaldi af vinnustaðagreiningu sem fram fór í upphafi árs. Í millitíðinni störfuðu 13 greiningarhópar en þeir luku störfum í vor. Lausnahóparnir vinna hver og einn með ákveðið þema, þ.e.: 1) öryggi og heilsu, 2) vinnuaðstöðu, 3) fræðslu og starfsþróun, 4) hrós og endurgjöf og 5) samskipti. Hóparvinnunni stýra sérfræðingar hjá Capacent þær Ása Karin Hólm og Hildur Jóna Bergþórsdóttir. Hver hópur gerir tillögu að aðgerðum til úrbóta í viðkomandi málaflokki. Tillögurnar verða svo kynntar á sameiginlegum starfsdegi allra hópanna og framkvæmdastjórnar í nóvember.

Rakel Heiðmarsdóttir
framkvæmdastjóri mannauðssviðs.



Hópurinn sem fjallar um hrós og endurgjöf, f.v.: Sigurður Bachmann, Harpa Dröfn Skúladóttir, Hlynur Gíslason, Hildur Jóna Bergþórsdóttir (sérfræðingur hjá Capacent), Valur Sigurðsson, Ragnar Ólason hópstjóri, Bryndís Jónsdóttir og Helga Björg Hafþórsdóttir.



Hópurinn um starfsþjálfun og þróun, f.v.: Bjarni Ólafsson, Brian Daniel Marshall, Ásmundur Jónsson hópstjóri, Torfi Guðmundsson, Guðrún Birna Ásgeirsdóttir, Ása Karin Hólm (sérfræðingur hjá Capacent) og Niels Reynisson.



Öryggis- og heilsu hópurinn, f.v.: Steinunn Dögg Steinsen, Póra Jónsdóttir, Hans Hafsteinn Þorvaldsson, Arnar Baldvinsson, Jakob Ingi Helgason, Ása Karin Hólm og Valdimar Magnússon hópstjóri.

Þjónustuskoðun myllu

Sérfræðingur frá McLanahan Corporation, sem er framleiðandi myllunnar í þekjuefnisendurvinnslunni, heimsótti Norðurál í lok september. Tílefni heimsóknarinnar var að meta ástand myllunnar og fara yfir þær fyrirbyggjandi viðhaldsaðgerðir sem við framkvæmum. Myllan er gríðarlega mikilvægur búnaður sem við getum ekki verið án nema í mjög skamman tíma.

Fyrir fjórum árum var sami aðili hér í svipuðum erindagjörðum, en þá var ástand myllunnar ekki ýkja gott og Norðurlásmenn voru að velta fyrir sér hvernig standa ætti að viðhaldi, skoðunum og mælingum á myllunni. Eftir þá heimsókn var grunnurinn lagður að því viðhaldi sem unnið hefur verið síðastliðin fjögur ár. Niðurstaða þjónustuskoðunarinnar nú var að ástand myllunnar væri gott og að vel væri staðið að mælingum og eftirliti með sliti á mikilvægum hlutum myllunnar. Þá fékk viðhaldshópur þekjuefnisendurvinnslunnar sérstaklega hrós fyrir hversu snyrtilega er gengið um búnaðinn.



Eftir um það bil fimm ár í stóráfallalausum rekstri má segja að vel hafi tekist til hjá þeim hópi sem notar og þjónustar búnaðinn, í innleiðingu á

öguðum vinnubrögðum í rekstri og viðhaldi.
Ásgeir Sævarsson sérfræðingur í áreiðanleikaviðhaldi.

Spurning dagsins

Hugar þú að fæðuörygginu fyrir veturinn, kaupir beint frá býli, tekur slátur eða tínr ber?

Í þá gömlu góðu



Að þessu sinni eru myndir frá opunarhátíð Norðuráls laugardaginn 24. apríl 1999.

Þann 14. júní var fyrst ál tekið úr kerri í kerskálum Norðuráls og eftir ræingu á fyrstu 60 þúsund tonnnum var slegið upp hátíð á athafnasvæði Norðuráls fyrir framan skrifstofur kerskálanna. Stóru tjaldi var tjaldað sem hýsti hátíðargesti á þessum svæla vordegi og var það stagað niður með álhleifum. Margt var um manninn.

Á myndinni eru Ken Peterson sem þá var eigandi Norðuráls og Columbia Ventures móðurfyrirtækis Norðuráls.

Með honum á myndinni er Gísli Gíslason þáverandi bæjarstjóri Akraness sem færði Ken gjafir frá Akraneskaupstað í tilefni dagsins.

Í ræðupóltinu stendur fyrsti formaður starfsmannafélagsins Bjarni Jarlsson sem



bar kveðju starfsmanna. Innri-Hólmur er bær á Innnesinu í Hvalfjarðarsveit sem hefur í gegnum árin skaffað okkur fjölda starfsmanna. Á myndinni eru Arnfinnur Teitur Ottesen sem þá var starfsmaður á A-vakt í kerskála, Kristín Ármannsdóttir sem lengi var starfsmaður á B-vakt í kerskálunum, maður hennar Brynjólfur Ottesen sem hefur verið verktaki hjá okkur til lengri og skemmri tíma en drengurinn er Brynjar Ottesen sem til skamms tíma var starfsmaður á B-vakt í steypuskála. Öll hafa þau snúið sér að öðrum störfum en útverðir Innri-Hólms hjá Norðuráli eru þeir Pétur Ottesen sem starfar í kerstýrihópnum og Erlendur Ottesen sem starfar á B-vakt í kerskálunum. Teitur, Pétur og Brynjólfur eru bræður en þeir og Erlendur eru bræðrasynir. Helgi Pétur Ottesen sem lengi var starfsmaður á D-vaktinni í kerskálunum er bróðir Erlendar. Þetta er ekki svo stór heimur þegar til kemur.

Trausti Gylfason.



Hver er?

Nafn: Ingibjörg Helga Ingólfssdóttir.

Starf: Liðsstjóri í mötuneyti

Fæðingarstaður, -dagur: Kópavogur, 15. júlí 1969.

Fjölskylduhagur: Gift Þorbirni Ólafssyni og á tvö börn, Kristján Inga 9 ára og Sigrúnu Erlu 7 ára.

Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli? 5. september 2011.

Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna? Vera með fjölskyldunni.

Aðaláhugamálið? Útvera og þrjónar og lesa matreiðslubækur.

Uppáhalds matur? Lamb og bernais og súkkulaði.

Uppáhalds drykkur? Íslenska vatnið.

Ertu hjátrúafull? Stundum

Hvaða persónu í mannkynsögunni vildir þú helst hitta? Nostradamus.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Spennumyndir og dýrabættir.

Besta bókin sem þú hefur lesið? Da Vinci lykkillinn.

Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á? Hlusta á ýmislegt.

Uppáhalds íþrótt eða hreyfing? Göngutúrar.

Lýstu þér í þremur orðum? Forvitin, vandvirk og dugleg.

Fallegasti staður á Íslandi? Ásbyrgi.

Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Ástralíu.

Framtíðarplön? Gera Norðurál að besta mötuneyti landsins.



Arni Klemensson rafvirkni í skautsmíðju:

Nei ekki mikið, en kaupir þó stundum beint af bóndanum. Ég hugsa meira um það sem ég borða, að það sé hollt og gott.



Guðrún Birna Ásgeirsdóttir á kranaverkstæði:

Já, ég sæki það gjarnan norður. Tek slátur og svo fæ ég rabarbarasultu og hlaup hjá mömmu.



Hallgrímur Guðsteinsson ACM:

Nei. Ég tindi smávegis af berjum og yfirleitt tek ég slátur, en reikna ekki með að gera það núna.



Sindri Steingrímsson í kerskála:

Huga ekkert að því. Þetta fæst allt í búðunum, Krónunni, Bónus og Hagkaupum.



Jól Þorsteinsson á kranaverkstæði:

Nei ekkert, vel bara gott í Bónus.



Norðurál gefur sloppa fyrir nemendur á iðnbrautum FVA

Á heimasíðu Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi mátti nýlega sjá eftirfarandi frétt ásamt mynd.

Fyrirtækið Norðurál á Grundartanga hefur alloft lagt skólanum lið m.a. með stuðningi við stærðfræðikeppni og heilsueflingu. Nú í haust gaf Norðurál skólanum nýja sloppa til að nota á verkstæðum. Á myndinni sést hópur nemenda á trésmíðaverkstæði skólans klæddur í sloppa með merki Norðuráls.

Nærsamfélagið í heilsueflingu

Eitt af markmiðum Heilsuársins hjá Norðuráli er að heilsueflingin nái ekki aðeins til starfsfólks fyrirtækisins, heldur einnig til fjölskyldna þeirra og þannig út í nærsamfélagið. Af þessu tilefni var boðað til opins fyrirlesturs um heilsueflinguna í nærsamfélaginu í húsakynnum Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi þriðjudagskvöldið 11. október. Góð mæting var á þennan viðburð, um 60 manns komu og var greinileg stemning fyrir umfjöllunarefninu, umræður liflegar og stóð fundurinn klukkutíma lengur en áformað var. Á opna fyrirlesturinum fjallaði Magnús Scheving frá Latabæ um hreyfingu og hollt mataræði fyrir börnin okkar, Andrés Guðmundsson ræddi um Skólahreysti, íþróttakeppni milli skólanna sem hann var frumkvöðull að, og Logi Geirsson fyrrum landsliðskappi í handbolta og atvinnumaður í íþróttinni ræddi um markmiðasetningu, mataræði og sjálfstraust sem hverjum einstaklingi er svo nauðsynlegt.

Brian D. Marshall fræðslustjóri.



Öryggisreglur um gesti Norðuráls

Í umræðunni hefur verið hvaða kröfur við gerum til gesta sem koma til okkar að Grundartanga? Til að upplýsa starfsmenn eru meðfylgjandi reglur fyrir gesti en það sem fylgir hér að neðan er gestabæklingurinn okkar sem hægt er að nálgast úti á aðalskrifstofunni.

*Trasti Gylfason
öryggisstjóri.*



- 1 Bílastæði
 - 2 Skrifstofur
 - 3 Baðhús
 - 4 Mötuneyti og ráðstefnusalur
 - 5 Skrifstofur kerskála
 - 6 Skautsmíðja
 - 7 Aðveitustöð
 - 8 Kerskáli A
 - 9 Kerskáli B
 - 10 Kerskáli C
 - 11 Kerskáli D
 - 12 Steypuskáli
 - 13 Raflausnarvinnsla
 - 14 Kersmíðja
 - 15 Kranaverkstæði
 - 16 Lager
 - 17 Vélaverkstæði
 - 18 Farartækjaverkstæði
 - 19 Rannsóknarstofa
- ⊕ Neyðarherbergi



Ágæti gestur

Velkominn á athafnasvæði Norðuráls

Aðgát veitir öryggi!





Umhverfismál álversins í Helguvík

Umhverfismál ber iðulega á góma þegar rætt er um álver. Afar ströng skilyrði eru sett af hinu opinbera varðandi losun efna frá álverum og vöktun umhverfisins. Norðurál leggur áherslu á að vera ávallt í fremstu röð í umhverfismálum.

Starfsleyfi álversins í Helguvík, sem gefið var út af Umhverfisstofnun, tilgreinir starfsskilyrði álversins og viðmiðunarmörk fyrir losun efna. Í því er kveðið á um að besta fánlega tækni skuli notuð til að tryggja að losun mengunarvaldandi efna sé lágmörkuð.

Í kerskála verða ker lokuð með kerþekjum líkt og á Grundartanga. Hægt verður að tvöfalda frásög frá kerjunum (11 ker í einu) meðan á skautskiptum og áltöku stendur. Loftræsing kerskála verður einnig með svipuðum hætti og á Grundartanga. Í rjáfrí verða mælar sem munu mæla magn mengunarvaldandi efna er fara út. Ein þurrhreisinstöð verður reist fyrir hvern 90 þúsund tonna áfanga álversins. Tvær sjálfvirkar vöktunarstöðvar munu mæla gæði lofts í nágrenni álversins.

Í skautsmiðjunni verður allur búnaður tengdur viðeigandi rykhreisikerfum. Þetta mun tryggja að mengað loft sleppi ekki út í umhverfið og að vinnuumhverfi starfsmanna verði eins og best verði á kosið.



Úrgangsefni á föstu formi verða síuð úr frárennslí álversins og olíur verða skildar úr frárennslí með olúgildrum. Sýni verða tekin með reglubundnu millibili til að tryggja að losun í frárennslí sé innan leyfilegra marka.

Kerbrot og kerfóðrun mun fara fram í lokaðri byggingu til hliðar við kerskálana. Ker verða flutt úr og í kerskála með færsluvagni. Þessi bygging mun rísa í lokaáfanga álversins og vera búin öllum nauðsynlegum rykhreisibúnaði. Kerbrot verða flutt í flæðigryfju með svipuðum hætti og á Grundartanga.

Norðurál hefur verið brautryðjandi í notkun rafmagns í stað jarðolíu til hitunar á

framleiðslubúnaði. Má nefna hitun á biðofnum, steypulínum, deiglum, sogrörum og bakskautum. Helguvík mun nýta þessa tækni og minnka þannig verulega útblástur gróðurhúsalofttegunda.

Eins og lesendum er sjálfsgagt ljóst, er flest líkt með fyrirkomulagi umhverfismála á Grundartanga og í Helguvík, enda hafa sérfræðingar Norðuráls á Grundartanga lagt hönd á plóg við skilgreiningu tæknilausna og umhverfismála álversins í Helguvík. Er hér enn eitt dæmið um það samstarf sem átt hefur sér stað milli hins verðandi álvers í Helguvík og Norðuráls á Grundartanga.

Guðbrandur Gimmel.

Punktur

- Tvær stórar breytingar á verkáætlun eru í undirbúningi: Í fyrsta lagi að byggja silo og súrálslöndunarkrana í Helguvík í fyrsta áfanga verksins. Hætta þar með við að keyra súráli frá Grundartanga til Helguvíkur í fyrsta áfanga. Í öðru lagi að vera með yfirbyggðar flutningsleiðir milli kerskála, steypuskála og skautsmiðju.
- Fundur í yfirstjórn verkefnisins var haldinn miðvikudaginn 26. september. Í yfirstjórn verkefnisins eru David Kjos, Steve Schneider og Ragnar Guðmundsson.
- Síðastliðna sex mánuði hafa að jafnaði 33 starfsmenn IAV unnið við byggingu Norðuráls Helguvíkur.
- Í skoðun er að leigja eða kaupa bráða-birgðaskrifstofur af IAV til nota á svæði Norðuráls Helguvíkur. Þetta eru sömu skrifstofur og notaðar voru við byggingu Hörpu.
- Rekstraráætlun fyrir árin 2012 til 2014 fyrir Norðurál Helguvík er tilbúin.

Öryggishornið

